

Tónabíó: Innrás líkamspjófanna  
Leikstjóri: Philip Kaufman  
Stjórnandi kvikmyndatöku: Michael Chapman  
Aðalleikarar: Donald Sutherland, Brooke Adams, Veronica Cartwright og Jeff Goldblum  
Bandarísk, árgerð 1979.



Elizabeth (Brooke Adams) og Matthew (Donald Sutherland) reyna að flýja undan geimverunum sem ráðast á San Francisco.

## Fljúgandi furðubelgir

I mörgum kvikmyndum um fljúgandi furðuhluti og geimverur er útilokað að gera sér i hugarlund hvað diskflugstjórnarnir, litlu grænu mennirnir eða hvaða skepnur það eru nú sem eru á leið til jarðarinnar, vilja í rauninni með för til jarðar. Þetta atriði er hins vegar alveg ljóst í „Innrás líkamspjófanna“. Líkamspjófarnir koma ekki til jarðar í geimskipum heldur sem nokkurs konar belgjurtir. Þessara skrytnu belgjurta verður fyrst vart í San Francisco. Þær stækka og þroskast og að lokum er innihaldið úr belgnum tilbúið að taka sér búsetu í líkama manns. Mannveran, sem breytist úr manni í belg finnur aðeins fyrir göðum áhrifum af umskiptunum. Allar tilfinningar á borð við ótta, hatur, ást og umhyggju eru á bak og burt en eftir sitja allar kenndir sem hvetja til venjubundinna lífshátta og elsku að lögum og reglusemi. Astandið í heimi belgjanna verður ekki ósvipað því, sem gerist undir harðstjórni hvers konar, þú færð að nota líkamann, bilinn, og húsið þitt og heldur vinnunni ef þú breytist úr manni í belg og hætti allri and-

stöðu við hugmyndina um belgjálífnið.

Þau atriði „Innrás líkamspjófanna“ sem sýna vöxt og viðkomu belgjurtanna eru mörg hver yfirmáta fáránleg og tilgangslítill, en myndin er í heild langt frá því að vera eintómt geimvísindarugl. Aminning þess efnis að menn eigi hægt með að breytast í tilfinningalausar belgjurtir er alls ekki óþörf. Stöðugt er bent á hversu mjótt er á mununum milli manns og belgs. Fyrsta fórnardýr geimsköpnanna, ungur tannlæknir, er til að mynda nær óbreyttur eftir að belgveran hefur tekið við starfrækslu líkama hans. Kona tannlæknisins

er eina manneskjan sem tekur eftir því að eitthvað óvenjulegt er á seði. FIB og CIA menn eru undir sömu sök seldir og tannlæknirinn ungi, það er gagnslaust að ræða við þá um vandann sem stæðjar að vegna innrásar belgjanna, þeir eru nefnilega sjálfir belgir frá náttúrunnar hendi.

Donald Sutherland fer með stærsta hlutverkið í myndinni og leikur heilbrigðiseftirlitsmann, sem sér ekki bara óþrifað á veitingahúsum heldur einnig ógnir belgjanna. Sutherland tekst vel upp í hlutverki þessa eitilharða baráttumanns. Lítt þekktir leikarar fara með önnur stór hlutverk í „Innrás líkamspjófanna“ og það eykur enn á þá tilfinningu, sem ríkir í myndinni, að hver sem er geti orðið fyrir barðinu á líkamsmeningia.

Myndatakan öll á skakk og skjön, kæfandi þögn og skerandi óhljóð eiga stóran þátt í óhugnaði og framandleika „Innrás líkamspjófanna“, en langveigamesti kostur hennar er að taka til umfjöllunar ómanneskjulega framkomu mannskepna í nútímapjófélaga.

—SKJ


### kvikmyndir



Sólveig K. Jónsdóttir. skrifar

## hvað, hvar...?

Fantaskapurinn í amerískum fótbolta er í brennidepli í mynd Háskólabíós, Fantabrögð. Nick Nolte fer með hlutverk fótbolta-manns sem orðinn er þreyttur á meðferð forráðamanna fót-boltaliðsins á leikmönnum. Nolte þarf ekki aðeins að berjast við yfirboðara sína heldur einnig afleiðingar íþróttaiðk-ana, en meislisli og þreyta leiða til óhóflegrar lyfjanotkunar.... Nýjábíó sýnir ágæta sakamála-mynd, Vitnið. Helsta skraut-fjöldur myndarinnar er leikur Williams Hurt í hlutverki hús-varðar sem lendir í þeirri óþægilegu aðstöðu að vera vitni í morðmáli. Talsverð kimni blandast spennunni í Vitninu og reynt hefur verið að leggja framur áherslu á mannlega eiginleika persónanna en hasar byssubófaleiksins.... Laugará-bíó er nýbyrjað að sýna kvik-myndina Rafmagnskúrrekin, en myndin hlaut á sínum tíma góða dóma í Bandaríkjunum og Willie Nelson hlaut mikið lof



Willie Nelson

fyrir leik sinn í myndinni. Þótti mörgum sem hann stæli senunni frá aðalkarleikaranum Robert Redford. Ahugaverð mynd fyrir aðaendur útlagens Nelsons og stórtjórnunnar Redfords.... Ast og alvara heitir mynd sem Stjórnubíó hefur tekið til sýningar. Hér eru raunar fjórar myndir á ferðinni, hver um sig fjallar á gamansaman hátt um vandræði karla í kvennámálum. Fjórir þekktir leikarar fara með hlutverk kvennamannanna, þeir Röger Moore, Ugo Tognazzi, Lino Ventura og Gene Wilder. Þó titillinn á myndasafninu bendi til alvöru er það gamansamt í betra lagi.... Gamla Bíó sýnir Fame, mynd um krakka í listaskóla, en þau vilja einlægt vera að syngja og dansa. Líklega er Fame í hópi bestu dans- og söngvamynda síðustu ára en söngur Irene Cara og leikur þeirra Paul McCrane og Barry Miller hefur hvarvetna vakið verðskuldaða athygli.

### Í dag í kvöld



Níu af listamönnum þrettán sem halda sýningu í boði Kjarvalstaða.

## Leirlist, gler, textill, silfur og gull, á Kjarvalsstöðum

Formlega verður opnuð á Kjarvalstöðum sýning í dag klukkan 2, á verkum Kjarvals í Kjarvalssal og 13 listamanna í Vestursal sem sýna í boði Kjarvalstaða og nefnist sýning þeirra leirlist, gler, textill, silfur og gull. Þetta er stærsta sýning sem Kjarvalstaðir hafa ráðist í á þessu ári og verður sýningin opin í allt sumar daglega klukkan 14-22.

Tólf listamannanna sýndu saman í vetur á sýningu í Helleby í Svíþjóð og var þá um marga sömu gripi og nú er um að ræða en nú er mikið aukid við. Kjarvalstaðir gefa út veggspjald í tilefni sýningarinnar en aðgangur er ókeypis.

Listamennirnir 13 eru:

Steinunn Marteinsdóttir (leirlist), Haukur Dór (leirlist), Jónína Guðnadóttir (leirlist), Elisabet Haraldsdóttir (leirlist), Hulda Jósepsdóttir (textill), Sigríður Jóhannsdóttir og Leifur Breiðfjörð (textill), Guðrún Auðunsdóttir (textill), Ragna Róbertsdóttir (textill), Asdís Hauksdóttir Thoroddsen (silfur og gull), Jens Guðjónsson (silfur og gull), Guðbrandur Jezorski (silfur og gull), og Sigrún Ó. Einarisdóttir (glér) en hún hefur aldrei haldið sýningu á verkum sínum áður.

Stefán Snæbjörnsson innan-húsarkitekt skipulagði sýninguna bæði í Svíþjóð og á Kjarvalstöðum.

### Myndlist

#### Nýjar sýningar:

Nýr sýningarsalur hefur verið tekið í notkun að Hafnargötu 31 í Keflavík og þar opna Jónas Guðmundsson og Rudolf Weissauer sýningu í dag á vatnslitamyndum og olíumálverkum annars vegar og grafíkmyndum hins vegar. Verður opið þessa helgi og næstu kl. 14-21 og einnig á 17. júní á sama tíma.

Sigurður Þórir Sigurðsson opnar sýningu á olíumálverkum og grafíkmyndum á morgun í Bókasafni Sandgerðis og stendur hún til 21. júní. Er þetta fyrsta sýning hans í Sandgerði en áður hefur Sigurður haldið fjölda sýninga bæði hér á landi og erlendis.

Á Kjarvalsstöðum verður í dag opnuð sumarsýning á verkum meistarans sem eru í eigu borgarinnar, en einnig hafa 13 íslenskir listamenn sett upp sýningu á göngunum sem ber yfirskriftina: Leirlist, gler, textill, silfur, gull.

Björn Ardal opnar sýningu á verkum sínum í Galleri Djúpinu nú um helgina.

Að Sudurgötu 7 er danski myndlistahópurinn Kanal 2 að sýna verk unnir í blönduð efni og er opið daglega kl. 16-19. Í Nýlistasafninu sýna þeir Arni Ingólfsson, Helgi Þ. Friðjónsson og Niels Hafstein myndverk sem voru á alþjóðlegri sýningu ungra listamanna í París 1980. Skopmyndir danska teiknarans Storm P. eru enn til sýnis í kjallara Norræna hússins en Sigrid Valtíngöer sýnir grafíkmyndir í anddyrinu.

#### Síðasta sýningarhelgi:

Þrjár ungar konur Sóley Eiríksdóttir, Rósa Gísladóttir og Ragna Ingimundardóttir yfirgefa Galleri Langbrók nú um helgina með keramikmuni sína.

#### Akureyri:

Í Rauða húsinu stendur enn yfir sýning Daða Guðbjörnssonar, Eggerts Einarssonar og Björns Roth og lýkur henni 21. júní.

### Hveragerði

Þrjár finnskir listamenn eru með fjölbreytilega myndlistasýningu í Eden þessa dagana og stendur hún til 17. júní.

### Tónlist

Í Háteigskirkju halda Elimkyrkans Kór frá Eskilstuna í Svíþjóð kirkjulega tónleika og á efni-skránni eru verk frá ýmsum tímum. Tónleikarnir eru á morgun og hefjast klukkan 17. Kórinn var stofnaður árið 1868. Í honum eru 40 kórfélagar á aldrinum 14-16 ára. Stjórnandi kórsins er Jarl Einar Johansson. Kórinn dvelur hér nokkra daga á leið sinni til Bandaríkjanna.

Blásarasveit Tónlistarskólans á Akureyri heldur tónleika í Akureyrarkirkju á morgun og hefjast þeir klukkan 20.30. Tónleikarnir eru í tilefni af því að Blásarasveitin undirbyr nú þáttöku í alþjóðlegu móti og keppni lúðrasveita, er fer fram í Hamar í Noregi dagana 19.-29. júní.

Á efnisskrá verða bæði innlend og erlend lög og m.a. verður tónverkið „Íslensk æska“, rapsodia, eftir stjórnanda sveitarinnar, Rorar Kvam, flutt í fyrsta skipti. Tónverkið er byggt á íslenskum þjóðlögum og var samið á þessum vetri.

Ekki verður sett upp ákveðið miðaverð á tónleikana, en tekið er á móti frjálsum framlögum í ferðasjóð.

### Leikhúsin

Gustur er sýndur í Þjóðleikhúsinu í kvöld og óperan La Bohème á morgun og er það í síðasta sinn sem Kristján Jóhannsson, Sieglinda Kahman og Elin Sigurvinsdóttir syngja í óperunni sem gestir.

Síðasta sýning verksins er föstudaginn 19. júní og er þá sú 25. í röðinni.

Ófvitinn er sýndur í Iðná í kvöld og Skornir skammtar á morgun.

Nemendaleikhúsið sýnir Morð-íð á Marat á morgun sunnudag.